

— Heimur fyrir börnin —

Yfirlýsing barnanna

á samkomu fulltrúa yngri en 18 ára á
sérstakri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni barna,
New York 5.–7. maí 2002

Við erum börn heimsins.

Við erum fórnarlömb misnotkunar og misþyrmingar.

Við erum götubörnin.

Við erum stríðshrjáðu börnin.

Við erum fórnarlömb og munaðarleysingjar af völdum HIV-smits og alnæmis.

Við njótum hvorki góðrar menntunar né heilsugæslu.

Við erum fórnarlömb pólitískrar, efnahagslegrar, menningarlegrar, trúarlegrar og umhverfislegrar mismununar.

Við erum börnin sem ekki er hlustað á: Það er tími er til kominn að tekið verði tillit til okkar.

Við viljum heim fyrir börnin því heimur sem hæfir okkur, hæfir öllum.

Í þessum heimi:

viljum við að borin sé virðing fyrir réttindum barna:

- þar sem ríkisstjórnir og fullorðnir takast á hendur raunverulegar og virkar skuldbindingar í réttindagæslu barna og framfylgja Samningnum um réttindi barnsins,
- þar sem börnum innan fjölskyldna, samfélaga og þjóða er búið öruggt, hættulaust og heilbrigt umhverfi.

viljum við sjá fyrir endalok misnotkunar, misþyrmingar og ofbeldis:

- þannig að lög verði sett sem vernda börn fyrir misnotkun og misþyrmingu og að allir virði þau,
- með miðstöðvum og áætlunum sem hjálpa börnum sem hafa verið beitt ofbeldi að öðlast nýtt og betra líf.

viljum við endalok allra stýrjalda:

- þar sem leiðtogar heims leysa deilur með friðsamlegum viðræðum í stað þess að beita valdi,
- þar sem börn sem hafa orðið að flýja heimkynni sín og börn sem eru fórnarlömb stýrjalda njóta fullkominnar verndar og hafa sömu möguleika og öll önnur börn,
- þar sem þjóðir afvopnast, vopnasölu verði hætt og börn gegni ekki herþjónustu.

viljum við að séð verði fyrir heilsugæslu:

- þar sem ódýr og aðgengileg lífsnauðsynleg lyf og meðferð verði veitt öllum börnum,
- þar sem allir taki sig saman um að mynda sterk og ábyrg samtök til að stuðla að bættri heilsu barna.

viljum við útrýmingu HIV-smits og alnæmis:

- með menntakerfi þar sem fjallað er um varnir gegn HIV-smiti,

- með ókeypis prófunar- og ráðgjafarstöðvum,
- með aðgengilegum upplýsingum handa almenningi um HIV-smit og alnæmi,
- þar sem munaðarleysingjum af völdum alnæmis, HIV-smituðum börnum og börnum með alnæmi verði veitt umönnun og sömu möguleikar og öll önnur börn.

viljum við umhverfisvernd:

- með varðveislu og björgun náttúrulegra verðmæta,
- með aukinni vitund á mikilvægi þess að búa í heilbrigðu umhverfi sem stuðlar að þroska okkar,
- þar sem umhverfi barna með sérþarfir verði aðgengilegt.

viljum við endalok hins skelfilega vítahrings fátæktar:

- þar sem nefndir tryggja gagnsæi í fjárveitingum og veita þörfum barna athygli,
- þar sem skuldir sem rýra lífsskjör barna verði felldar niður.

viljum við fá tækifæri til menntunar:

- með jöfnum rétti og jöfnum aðgangi að góðri, skyldubundinni og ókeypis menntun,
- í skólaumhverfi þar sem börnum líður vel,
- fyrir lífið umfram hefðbundið nám, sem felur í sér fræðslu um umburðarlyndi, mannréttindi, frið, viðurkenningu og virka þátttöku í samfélaginu.

viljum við virka þátttöku barna:

- aukinn skilning og tillitssemi fólks á öllum aldri um rétt allra barna til fullrar og virkrar þátttöku þeirra í samfélaginu í anda Samningsins um réttindi barnsins,
- í ákvarðanatöku á öllum stigum og í því að skipuleggja, framkvæma, fylgjast með og meta alla þætti sem varða réttindi barnsins.

Við heitum þátttöku á jafnréttisgrundvelli í þessari baráttu fyrir réttindum barna. Um leið og við heitum því að styðja aðgerðir ykkar í þágu barna, óskum við einnig eftir skuldbindingu ykkar og stuðningi við aðgerðir okkar, vegna þess að börn heimsins eru misskilin.

Við erum ekki orsök vandamála, heldur erum við úrræðið sem til þarf.

Við erum ekki kostnaður, við erum fjárfestingar.

Við erum ekki aðeins ungt fólk; við erum fólk og borgarar þessa heims.

Þar til aðrir viðurkenna ábyrgð sína gagnvart okkur munum við berjast fyrir réttindum okkar.

Við höfum viljann, þekkinguna, næmið og eru trú málstaðnum.

Við heitum því að þegar við verðum fullorðin munum við vernda réttindi barna af sama eldmóði og við gerum nú.

Við heitum því að sýna hvert öðru sæmd og virðingu. Við heitum því að vera hreinskilin og næm fyrir því sem er ólíkt með okkur.

Við erum börn heimsins og þrátt fyrir ólíkan uppruna deilum við sameiginlegum veruleika.

Við sameinumst í baráttunni fyrir betri heimi fyrir alla.

Þið segið að við séum framtíðin, en við erum einnig hér í dag.